

Söngfróð sálmaskáld

Hver voru skáldin sem áttu nótnasetta sálma í sautjándu og átjándu aldar handritum?

Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, sagnfræðingur og sérfræðingur á
Handritadeild Landsbókasafns Íslands

Inngangur

Fjöldi manna orti sálma á 17. og 18. öld en nöfnum flestra hefur ekki verið haldið til haga eða þau gleymst í aldanna rás. Mikið hefur varðveist af sálma- og kvæðahandritum frá 17. og 18. öld og þar á meðal er vitað um 120 handrit með nótum. Þessi handrit geyma tæplega eitt þúsund sálma eða kvæði með lögum. Sálmur með nótum þar sem íslenskur sálmahöfundur eða þýðandi er nafngreindur eru um 360 talsins en við hina, rúmlega 600, er hans ekki getið. Þessi nafngreindu skáld eru alls 36, fædd á 250 ára tímabili. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir þessum skáldum og sálmum þeirra sem finna má með nótum í handritum og leitað mögulegra tenginga þeirra á milli.

Voru sálmur ákveðinna höfunda frekar nótnasettir en annarra og þá frekar þeirra sem áttu sálma sem komust á prent? Í heimildum er stöku sinnum sagt að menn væru söngfróðir eða söngmenn. Á það við þessi skáld, sem fengu skrifuð lög við sálmana sína í handritum og, ef svo er, hverja? Var jafnvel vinsælla að nótnasetja sálma þeirra skálda sem þóttu söngfróðir eða kunnu eitthvað fyrir sér í tónlist? Getur verið að sálmur þeirra hafi verið vinsælli til söngs t.d. vegna bragarhátta eða hversu vel texti og lag átti saman? Eða skipti engu máli hver höfundur sálmsins var þegar skrifari ákvað að nótnasetja sálminn? Var eitthvað annað sem réð þar um t.d. vinsældir sálmsins eða lagsins, jafnvel að við sálminn var sungið lítt þekkt lag sem ekki var

aðgengilegt í prentuðum bókum og þurfti að komast á blað í handritum? Var það kannski tilviljunum háð við hvaða sálma voru skrifaðar nótur og fór slíkt að mestu eftir kunnáttu og löngun skrifarans?

Varnaglar

Í upphafi ber að slá varnagla og hafa frekar í huga hverjum voru eignaðir sálmar með nótum í íslenskum handritum þar sem meirihluti sálma í handritum eru án nafngreinds íslensks höfundar eða þýðanda eða rúmlega 60%¹. Ekki var lögð mikil áhersla á höfunda á þessum tíma, og í handritum er það hending hvort höfundar sé getið. Höfundarréttur var ekki skilgreindur á þessum tíma eins og nú og ekki þótti meginatriði að nefna höfunda, jafnvel óviðeigandi.² Þrátt fyrir það er áhugavert að velta fyrir sér hverjir voru þó nefndir til sögunnar. Sum skáld nutu töluverðra vinsælda eins og sr. Ólafur Jónsson á Söndum, f. 1560, en fjölmargar uppskriftir hafa varðveist af kvæðabók hans og sr. Oddur Oddsson á Reynivöllum, f. 1565, en Oddi eru eignaðir um 130 sálmar eða sálmapýðingar með nótum í um 330 handritauppskriftum.

Jafnvel þótt höfundar sé getið er ekki alltaf hægt að treysta á að rétt sé farið með. Í handritum eru nöfn höfunda gjarnan skráð með fangamarki t.d. á spássíu eða við yfirskrift sálmsins, dæmi um slíkt eru stafirnir S:O:OS fyrir séra Odd Oddsson³ og S.S:O:S: fyrir séra Stefán Ólafsson.⁴ Stafirnir geta auk þess verið illlesanlegir, sérstaklega ef handritið er snjáð eða illa skorið og spássían óheil.

Nokkur tilhneiging var til þess að eigna vinsælum skáldum góð kvæði, dæmi um það eru kvæði í handritum eignuð Stefáni Ólafssyni, f. 1619, sem vitað er með vissu að ekki eru hans.⁵ Með líkum hætti eignar Páll Eggert Ólason gjarnan Ólafi biskupi Hjaltasyni marga þá sálma sem honum þykja illa ortir án frekari rökstuðnings.⁶

¹ Ekki er getið um höfund eða þýðanda við rúmlega 60% sálma sem eru með nótum í 17. og 18. handritum.

² Margrét Eggertsdóttir: „Sálmar og daglegt líf“ *Kristni á Íslandi*, III. bindi. Ritstjóri Hjalti Hugason. Reykjavík 2000, bls. 188, 193.

³ Lbs 1422 8vo Nokkrir ágætir sálmar og lofsöngvar. skr. 1701. Við sálminn *Kærleik mér kenn* bls. 67r- v.

⁴ Lbs 830 8vo Nokkur vers kvölds og morgna ... skr. 1799. Við sálminn *Ei er andvakan góð* bls. 94-95.

⁵ *Íslensk bókmenntasaga* II. Ritstjóri Vésteinn Ólason. Reykjavík 1993, bls. 462.

⁶ Til dæmis sálmarnir *Móðir Guðs og meyjan skær* og *Eitt barn er borið í Betlehem*. Páll Eggert Ólason: *Upptök sálma og sálmalag í lútherskum sið á Íslandi*. Fylgirit með Árbók Háskóla Íslands. Reykjavík 1924, bls. 69, 79.

Trúarlegur kveðskapur, umfang hans og útbreiðsla.

Á 17. og 18. öld var mikið ort af sálum og var trúarlegur kveðskapur þess tíma afar fjölbreyttur. Sálarnir áttu það sameiginlegt að vera ætlaðir til söngs, söngurinn gegndi mikilvægu hlutverki í kirkjunni sem og við hversdagslegar athafnir þar sem guðs orð skyldi ætíð haft við hönd. Sálarnir nutu virðingar og þótti mikilvægt að koma þeim á prent.⁷ Árið 1589 skrifar Guðbrandur Þorláksson biskup í formála fyrir *Ein ný sálmabók*, eða Hólabókarinnar eins og hún var kölluð, að hann vildi óska þess að á Íslandi væri til siðs að syngja sálma við öll tækifæri daglegs lífs, utan kirkju sem innan, og í húsum sínum og híbýlum, úti og inni⁸ eins og tíðkist annars staðar hjá frómum og guðhræddum mönnum, til dæmis í Danmörku, og segir orðrétt: „Enn hvað langt vorir siðir eru frá soddan framferði, er aumligt um að hugsa, þó enn hryggilegra frá að segja.”⁹

Prentaðar sálmabækur voru talsvert útbreiddar á 17. og 18. öld og á sumum svæðum um miðja 18. öld var Graduale eða Messusöngsbók til á 70% heimila og Passíusálmar Hallgríms Péturssonar á um helmingi heimila.¹⁰ Ásamt prentuðum bókum var til mikill fjöldi sálmahandrita. Sérstaklega var vinsælt að skrifa sálma til nota við þær stundir sem tilheyrðu heimilisguðrækninni, eins og kvöld- og morgunsálmar en auk þeirra eru í handritum fjöldi sálma við hinar ýmsu athafnir daglegs lífs, eins og ferðasálmar og borðsálmar. Handritin gefa kannski til kynna að Guðbrandi biskup hafi að einhverju leyti orðið að þeirri ósk sinni, sem hann nefnir í formála sálmabókar, að fólk syngi sálma við hin ýmsu tækifæri úti og inni.

Sálmaskáldin

Mikill fjöldi manna og kvenna ortu sálma á 17. og 18. öld, nöfnum flestra hefur ekki verið haldið til haga, eins og fyrr var nefnt, eða þau gleymst í aldanna rás.

Páll lögmaður Vídalín, f. 1667, bjó til samantekt á skáldum 16. og 17. aldar og eru þar nefnd um 135 skáld. Ritið, sem ber heitið *Recensus Poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi*,¹¹ var ófullgert í handriti þegar Páll lést árið

⁷ Margrét Eggertsdóttir: „Sálmar og daglegt líf“ *Kristni á Íslandi*, III. bindi, bls. 184–185.

⁸ *Ein ný sálmabók, með mörgum andlegum sálum, kristilegum lofsöngvum og vísum, skikkanlega til samans sett og aukin og endurbætt*. 1. útg. Hólar í Hjaltadal 1589. Ljósprentað eftir frumútgáfu 1589. Reykjavík 1948, bls. 19.

⁹ *Ein ný sálmabók...1589*, bls. 18.

¹⁰ Loftur Guttormsson: *Kristni á Íslandi*, III bindi, bls. 177.

¹¹ Páll Vídalín: *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi*. Viðauki Séra Þorsteins Péturssonar I. texti. Jón Samsonarson bjó til prentunar. Reykjavík 1985.

1727 og hefur aðeins varðveist í uppskriftum. Þar á meðal er uppskrift með viðauka séra Þorsteins Péturssonar, f. 1710, með yfir sjötíu 18. aldar skáldum, einhver skáld eru þó tvítalin.¹² Þessi samantekt gefur ef til vill nokkra mynd af fjölda nafngreindra sálmaskálda á þessum öldum en þó ber að athuga að þar eru ekki nefndir til sögunnar allir þeir höfundar sem eiga sálma með nótum og hér eru til umfjöllunar.¹³

Í þessari samantekt höfum við 36 nafngreinda íslenska höfunda eða þýðendur sem eiga nótasetta sálma í handritum. Sextán þeirra, eða tæpur helmingur, á aðeins einn sálm með nótum en sá sem á langtum flesta er sr. Oddur Oddsson með um 130 sálmalög. Sá elsti í samantektinni er Gísli Jónsson biskup, fæddur árið 1515, en sá yngsti, Þorvaldur Böðvarsson, er um 250 árum yngri, fæddur 1758. Þeir elstu, biskuparnir Gísli Jónsson og Marteinn Einarsson eiga aðeins þýðingar en svo fjölgar höfundum þegar á liður. Fimm sálmaskáld eiga aðeins þýðingar, 23 eiga frumorta sálma og átta sálmaskáld hvorttveggja.¹⁴

Öll sálmaskáldin eru menntuð utan þriggja og það kemur ekki á óvart að flest eru prestlærð, það er kannski frekar áhugavert að átta skáld eru það ekki samkvæmt heimildum,¹⁵ fjögur eru lögmenn eða sýslumenn og eitt, Þorsteinn Sigurðsson, f. 1696, lést aðeins 22 ára að aldri, þá stúdent.¹⁶ Sextán skáldanna héldu utan til náms, langflest til Kaupmannahafnar auk þess sem nokkur ferðuðust víðar, meðal annars til Englands og Þýskalands.¹⁷ Þrjú skáldanna eru sögð óskólagengin, Björn Sturluson, f. 1559, var smiður og listamaður¹⁸ og Bjarni Jónsson, f. um 1575, og Þorbjörn Salómonsson eru titlaðir skáld.¹⁹

Samspil prentaðra bóka og handrita

Íslenskur sálmafræðingur, sem hefst hér með siðaskiptunum, átti rætur sínar í þýskum og dönskum sálum auk þess að byggja á eldri íslenskum kaþólskum

¹² Þar má t.d. nefna Ólaf Jónsson á Söndum og Vigfús Jónsson frá Kvennabrekku.

¹³ Þar á meðal er Björn Sturluson smiður f. 1559 og Magnús Sigfússon f. 1575.

¹⁴ Ef við skoðum sálmana þá er hlutfall frumortra sálma og þýðinga með nótum í handritum þó nokkuð annað þar sem séra Oddur er svo afkastamikill. Ef við tökum út sálmaþýðingar Odds verður hlutfallið í samræmi við höfundana.

¹⁵ Upplýsingar um fæðingar- og dánarár manna sem og menntun þeirra og störf eru að mestu úr ritinu *Íslenskar æviskrár*. Páll Eggert Ólason: *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. Bindí I–V. Reykjavík 1948–1976.

¹⁶ *Íslenskar æviskrár* V, bls. 227.

¹⁷ Þar má nefna að Marteinn Einarsson biskup var við nám í Englandi, Þorkell Arngrímsson f. 1629 lærði í Leiden í Hollandi og Noregi og Magnús Ólafsson f. um 1573 var við nám í Hamborg í Þýskalandi.

¹⁸ *Íslenskar æviskrár* I, bls. 250–251.

¹⁹ *Íslenskar æviskrár* I, bls. 174; *Íslenskar æviskrár* V, bls. 86.

trúarljóðum sem voru aðlöguð að nýjum sið. Sálarnir voru flestir þýddir úr þýsku og reyndu að fylgja frumtextanum eins nákvæmlega og hægt var, jafnvel á kostnað skáldskaparreglna.²⁰ Í sálmaþókum kenndum við Guðbrand Þorláksson biskup,²¹ eru 346 þýddir sálmar og 12 líklega þýðing en aðeins 10 frumortir með vissu af íslenskum skáldum og 11 til viðbótar gætu verið íslenskir.²² Sálmaþekkingurinn varð sjálfstæðari þegar á leið og sífellt fleiri sálmar voru frumortir.²³ En hvernig er samspili prentaðra bóka og handrita háttað, eru þetta sömu sálmalögin og eiga þessi umræddu skáld einnig sálma í prentuðum sálmaþókum?

Töluverður hluti sálma í *Hólabókinni* 1589 kemur úr *Den danske Psalmebog* sem Hans Thomissøn gaf út árið 1569. Danska sálmaþókin inniheldur 268 sálma, alla með nótum, en í þeirri íslensku eru fleiri sálmar, eða 328, en mun færri lög. Í þeim sálma- og messusöngsbókum sem gjarnan eru kennd við Guðbrand biskup og héldust lítið breytt í prenti um langan tíma eru alls 149 eiginlegir sálmar með nótum auk messusöngs.²⁴ Eitt af því sem sálmaskáldin glímdu við var að frumsálminum fylgdi oftast lag og þurfti íslenski textinn að fylgja laginu. Við samanburð á lögum í íslenskum ritum við lög frumsálma sést að gjarnan er búið að aðlaga upprunalegu lögin að íslenska textanum, breyta nokkrum nótum hér og þar, fækka þeim eða fjölga, svo atkvæði textans og nóturnar gangi saman.

Langflest prentuð sálmalög er líka að finna í handritum, en hafa ber í huga að mun fleiri sálmalög eru í handritum en á prenti. Til viðbótar við prentuðu sálmalögin er því fjöldi sálma sem hafa lagboða í prentuðum bókum en nótur í handritum. Hér spilar stórt hlutverk handritið *Lbs 524 4to* sem er uppskrift á sálmaþókinni 1589, ritað um 1600. Það sem gerir handritið einstakt er að skrifaðar eru nótur við nær alla sálmana²⁵ og því eru sum lögin skrifuð upp aftur og aftur en þess er gætt að aðlaga nóturnar að texta sálmsins þannig að lagið er alls ekki alltaf eins.

Í formála Guðbrands að *Hólabókinni* 1589 er að finna dæmi um nafnleysi höfundanna. Þar er aðeins getið um einn þýðanda að sálmunum, séra Ólaf Guðmundsson f. 1537, skólabróður Guðbrands, utan þess að Guðbrandur segist sjálfur hafa þýtt tvo eða þrjá sálma, svo segir: „Nokkrar andlegar vísur og sálma hef ég hér

²⁰ Páll Eggert Ólason: *Menn og mennir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*, II bindi. Reykjavík, bls. 614–615.

²¹ Það er *Hólabókunum* 1589 og 1619 og *Grallaranum* 1594.

²² *Upptök sálma og sálmalaga*, bls. 51–52.

²³ *Íslensk bókmenntasaga* II, bls. 430. *Menn og mennir* II, bls. 606–607.

²⁴ *Upptök sálma og sálmalaga*, bls. 32, 40.

²⁵ Við einstaka sálma hafa verið settir nótnastrengir en nóturnar vantar.

innsett, af öðrum frómum mönnum hér í landi útsettar, og lagðar, sem ég hef kunnað til að fá.²⁶ Miðað við formálann mætti því ætla að séra Ólafur hafi þýtt flesta sálmana eða lagfært þær þýðingar er eldri voru.²⁷ Það sem nú er vitað um höfunda sálmanna er seinni tíma vitneskja byggð á fjölmörgum heimildum, mestmegnis handritum.²⁸ Páll Eggert Ólason nefnir 12 sálmahöfunda²⁹ auk Guðbrands sjálfs³⁰ „...sem með vissu virðast eiga einhvern hlut í fyrri útgáfu sb. Guðbrands biskups (1589)...”³¹

Af þeim höfundum sem tengjast *Hólabókinni* eru 11 sem eiga sálma með nótum í handritum.³² Tuttugu önnur sálmaskáld³³ eiga efni í öðrum prentuðum bókum t.d. hugvekjusálma og vikusálma og í yngri sálma bókum eins og *Höfuðgreinabókinni*, 1772. Sumir eiga þó afar lítið efni á prenti eins og séra Ólafur á Söndum sem átti um tíma eitt erindi, *Vor herra Jesú verndin blið* prentað aftast í seinni tíma sálma bækur. Aðeins fimm þessara skálda komst ekki á prent og eiga þeir fáa nótnasetta sálma í fáum handritum.

Söngfróð sálmaskáld

Yfirskrift greinarinnar eru söngfróð sálmaskáld og í innganginum kom fram að hér og þar er þess stundum getið í mannlýsingum að menn hafi verið söngfróðir, miklir raddmenn eða söngmenn, jafnvel hljóðfæraleikarar.³⁴ Af þessum 36 sálmaskáldum eru þó aðeins sex þar sem minnst er á tónlistarhæfileika í eftirmælum og hér verður gerð stutt grein fyrir hverjum og einum.

Ólafur Guðmundsson áðurnefndur þýðandi, vinur og skólabróðir Guðbrands biskups er elstur þessara söngfróðu sálmaskálda, fæddur árið 1537. Samkvæmt lýsingum, er Ólafur, sagður söngmaður mikill og vel að sér meðal annars í þýsku og latínu en hann

²⁶ *Ein ný sálma bók* 1589, bls. 16.

²⁷ *Upptök sálma og sálmalaga*, bls. 33.

²⁸ *Íslensk bókmenntasaga* II, bls. 402–403. *Upptök sálma og sálmalaga*, bls. 33

²⁹ Í *Íslenskri bókmenntasögu* eru aðeins nefndir 6 þýðendur fyrir utan Ólaf Guðmundsson og biskupana Guðbrand, Gísla og Marteín. *Íslensk bókmenntasaga* II, bls. 402–403.

³⁰ Í upptalningunni hefur Páll Eggert ekki biskupana Gísla Jónsson og Marteín Einarsson með, en eldri sálmaþýðingar þeirra voru teknar upp í sálma bækur Guðbrands. Þetta eru því alls 15 nafngreindir höfundar.

³¹ *Upptök sálma og sálmalaga*, bls. 35, bls. 35–39.

³² Bjarni Jónsson skáldi, Einar í Eyðölum, Gísli Jónsson biskup, Guðmundur Erlendsson á Felli, Magnús Jónsson, Magnús Ólafsson, Magnús Sigfússon, Marteinn Einarsson biskup, Ólafur Einarsson, Ólafur Guðmundsson og Rafn Þorvaldsson.

³³ Hér er ekki talinn með séra Þorsteinn Oddsson er sálmur hans *Andi guðs eilífur er var ranglega eignaður* Hallgrími Péturssyni og var því prentaður í fyrstu útgáfu Hallgrímsskvers.

³⁴ Þar má nefna séra Bjarna Jónsson f. 1648, séra Árna Álfsson f. 1655, séra Þórð Jónsson f. 1672, séra Jón Jónsson f. 1742 og séra Guðmundur Magnússon f. 1746. *Íslenskar ævískrár* I–V.

hafði farið utan til náms að loknu námi við Hólaskóla.³⁵ Ólafur á mikið af sálmapýðingum í sálmalögum Guðbrands sem og í *Einni nýrri Vísnaþók* útgefinni 1612. Um hann er sagt: „...skáld með betra slag, flestir sálmar Herra Guðbrands af honum gjörðir, eða leiðréttir...”³⁶ Talið er að Guðbrandur hafi fengið Ólaf til að kenna á Hólum á veturna³⁷ eftir að hann varð prestur á Sauðanesi en biskup hafði mikið álit á Ólafi sem þýðanda og sagði hann hafa: „...þar sérlega gáfu til framar öðrum...”³⁸

Ólafur á 16 sálma með lögum í fimm handritum³⁹ allir sálarnir eru einnig í prentuðum bókum en aðeins hluti þeirra þar með nótum. Þeir sem bætast við með nótum í handritum er mestmegnis að finna í handritinu Lbs 524 4to sem áður hefur verið nefnt.

Séra Oddur Oddsson var fæddur 1565. Oddur var við nám í Skálholtsskóla og síðar aðstoðarprestur í Skálholti. Hann þjónaði á nokkrum stöðum þar til hann fékk Reynivelli í Kjós. Oddur þótti manna best að sér, fjöhlæfur maður best þekktur sem grasafraeðingur, stærðfraeðingur og læknir.⁴⁰ Ýmsar heimildir geta um þekkingu og störf Odds á tónlistarsviðinu. Í *Íslenskum æviskrám* er sagt um Odd: „...söngfróður og samdi sönglög, orkti og þýddi talsvert af sálmum...”⁴¹ og Jón Þorkelsson nefnir í riti sínu um íslensk skáld að Oddur hafi þýtt Davíðssálma við nánast óþekkt lög.⁴² Í *Recensus Poetarum* segir svo um séra Odd: „...var mikill söngmaður, gjörði nýja útlekking yfir Davíðs psaltara í stirðum söngljóðum íslenskum, helst til að iðka á söng...”⁴³ og „Sr. Oddur ... var ágætlega að sér í sönglist, og sagt er að hann hafi snúið Davíðs sálmum á ný í íslensk ljóð, sem einkum hafi verið ætluð til söngiðkana, en annars ekki verið vel kveðin.”⁴⁴ Í viðauka Þorsteins Péturssonar við ritið segir jafnframt „... söngkúnt hans má sjá af þeim nóteruðu söngbókum í folio er hann gjörði að forlagi H. Odds biskups, og enn nú var sungið á í Skálholti þá skólinn var

³⁵ *Upptök sálma og sálmalaga*, bls. 33–34, *Íslenskar æviskrár* IV, bls. 47–48.

³⁶ Páll Vídalín: *Recensus Poetarum* bls. 107.

³⁷ *Upptök sálma og sálmalaga*, bls. 34. Jón Þorkelsson: *Omdigtingen på Island i det 15. og 16. Århundrede*. Kaupmannahöfn 1888, bls. 435–436.

³⁸ *Menn og menntir* II, bls. 610.

³⁹ Lbs 524 4to skr. um 1600, ÍB 396 8vo skr. um 1720; Rask 98 skr. um 1650; Lbs 1927 4to skr. 1742 og Lbs 3006 8vo skr. um 1700.

⁴⁰ *Omdigtingen på Island*, bls. 479.

⁴¹ *Íslenskar æviskrár* IV. bindi. bls. 18.

⁴² „...oversættelse af Davidssalmer på islandsk under næsten ukendte melodier...”. *Omdigtingen på Island* bls. 479.

⁴³ *Recensus Poetarum*, bls. 105.

⁴⁴ *Recensus Poetarum*, bls. 105. Þýðing úr latínu dr. Jakob Benediktsson.

settur og sagt upp...“⁴⁵ Séra Oddur á Reynivöllum er sá sem á flesta nóteraða sálma í handritum, um 140 í sjö handritum skrifuðum á 17. og 18. öld.⁴⁶ Einstaka sálmar séra Odds komast síðar á prent í *Höfuðgreinabókinni* 1772.⁴⁷ Lögin við sálmana eru sum hver komin frá frumsálmunum en um uppruna meirihluta laganna er ekki vitað.⁴⁸

Séra Magnús Sigfússon fæddur 1575, var sagður ágætur kennimaður og söngmaður en hann starfaði um tíma sem skrifari Guðbrands biskups. Magnús var meðal annars prestur á Hólum og síðar Höskuldsstöðum.⁴⁹ Hann á einn sálm, *Miskunnar faðir mildi*, með nótum í þremur handritum⁵⁰ og er sálmalagið prentað í annarri útgáfu *Hólabókarinnar*, 1619.⁵¹

Séra Hálfðan Rafnsson var fæddur árið 1581. Hálfðan var sagður söngfróður og hefur líklega lært söng í Kaupmannahöfn. Hann var vinsæll kennari og talið er að hann hafi verið söngkennari Gísla Þorlákssonar biskups. Hálfðan var frændi Guðbrands biskups og líklegt er að hann hafi starfað í Sauðanesi á meðan séra Ólafur Guðmundsson fór til kennslu að Hólum.⁵² Hálfðan var prestur á Munkaþverárklaustri og síðar á Undirfelli. Þrátt fyrir frændsemina á Hálfðan ekki sálma í bókum Guðbrands. Hálfðan á aðeins einn nóteraðan sálm, *Anda þinn guð mér gefðu víst*, sem virðist hafa notið mikilla vinsælda þar sem sálminn má finna víða með nótum, eða í tíu handritauppskriftum frá 17. og 18. öld þar af tvíradda í einni.⁵³ Þessi vinsæli sálmur og lag er síðar prentað í *Höfuðgreinabókinni* 1772.

Fæðingarár **séra Þorsteins Oddssonar** er ekki vitað en hann lést um miðja 17. öld. Þorsteinn var heimilisprestur, meðal annars fyrir vestan í Bolungarvík og bjó árið 1631 að Krossi á Skarðsströnd. Þorsteinn var sagður vel gefinn maður, raddmaður

⁴⁵ *Recensus Poetarum*, bls. 106.

⁴⁶ Lbs 1422 8vo skr. 1701, Lbs 1485 8vo skr. um 1700, Lbs 1927 4to skr. 1742, Rask 98 skr. um 1650, Lbs 1825 8vo skr. á 18. öld, MS Borealis 111 skr. á s.hl. 16. aldar og MS Borealis 149 skr. 1755.

⁴⁷ Þar á meðal er með nótum sálmurinn *Í þinni ógnarbræði*.

⁴⁸ Samkvæmt verkefnaýsingu Smára Ólasonar á verkefniinu Saltari Odds Oddssonar í *Hin forna framtíð*, skýrsla Kristnihátíðarsjóðs frá 2005 bls. 39.

⁴⁹ *Íslenskar æviskrár* III, bls. 452.

⁵⁰ Rask 98 skr. um 1650, MS Borealis 77 skr. 1664, ÍB 879 8vo skr. 1730.

⁵¹ *Upptök sálma og sálmalaga*, bls. 38–39, 216.

⁵² *Recensus Poetarum*, bls. 49–50, *Íslenskar æviskrár* II, bls. 239–240.

⁵³ AM 102 8vo skr. á 17. öld, önnur handrit eru Lbs 1724 8vo skr. um 1780, ÍB 196 4to skr. 1730, ÍB 669 8vo skr. 1735, ÍB 380 8vo skr. um 1700, ÍB 181 8vo, skr. á 17. öld, JS 208 8vo skr. á f.hl. 18. aldar, Lbs 1158 8vo skr. 1740–80, Lbs 1927 4to skr. 1742 og Lbs 595 8vo skr. á 18. öld.

ágætur og skáldmæltur.⁵⁴ Hann á sálminn *Andi guðs eilífur er*⁵⁵ sem finna má með nótum í tveim handritum.⁵⁶

Séra Stefán Ólafsson var af mikilli skáldaætt, fæddur árið 1619. Ólafur Einarsson faðir hans og Einar Sigurðsson í Eyðölum, afi hans, eiga einnig sálma með nótum í handritum. Stefán var stúdent frá Skálholtsskóla 1641. Hann var um tíma í þjónustu Brynjólfs biskups og árið 1643 hélt hann til náms í Kaupmannahöfn. Stefán kom heim árið 1648 þegar hann fékk Vallanes og þjónaði þar til æviloka. Samkvæmt *Íslenskum æviskrám* var hann „...söngmaður mikill, söngfróður og samdi lög...“⁵⁷ Eftirmælin í *Recensus Poetarum* voru þó ekki alveg jafn lofsamleg en þar er skrifað að Stefán hafi sóst um of eftir erfiðum bragarháttum og rímsnilld þeirra og torveldum bragarháttum og tónum.⁵⁸ Mikið efni hefur varðveist eftir séra Stefán á prenti, í kvæðasöfnum og handritum. Sálmar Stefáns lifðu lengi í prentuðum sálmabókum, þar á meðal þýðingar hans á viku- og iðrunarsálmum danska barokkskáldsins Thomasar Kingos, sem voru prentaðar árið 1686.⁵⁹ Stefán á tæplega 30 sálma með nótum í 17 handritum. Hér ber þó að hafa í huga að Stefán var vinsæll og virðist töluvert eignað Stefáni sem aðrir ortu.⁶⁰ Af þessum tæplega 30 sálmalögum eru einhver sem rata síðar inn í prentaðar bækur, meðal annars í *Höfuðgreinabókina* 1772, en önnur hafa aðeins varðveist í handritum.⁶¹

Samantekt

Mikill meirihluti nafngreindra höfunda sem eiga sálma með nótum í handritum eiga einnig sálma í prentuðum bókum, marga hverja með nótum. Hvað handritauppskriftirnar varðar er greinileg fylgni á milli þess að skáld, sem eiga prentaða sálma, séu frekar nafngreind enda voru þau almennt þekktari. Langflest skáldanna voru vel menntuð, sum skáldanna þekktust, voru jafnvel skólabræður og sumir tilheyrðu sömu fjölskyldu. Af þessum 36 sálmaskáldum eru aðeins fimm sem

⁵⁴ *Íslenskar æviskrár* V, bls. 223.

⁵⁵ Samkvæmt yfirskrift í Lbs 2057 8vo skr. um 1800, bls. 128

⁵⁶ Lbs 1927 4to skr. 1742 og Lbs 2057 8vo skr. um 1800. Þessi sálmur er einnig prentaður í fyrstu útgáfu *Hallgrímskvers* þar sem hann var um tíma ranglega eignaður séra Hallgrími Péturssyni.

⁵⁷ *Íslenskar æviskrár* IV, bls. 328.

⁵⁸ *Recensus Poetarum*, bls. 123–125.

⁵⁹ *Íslenskar æviskrár* IV, bls. 328–329. Sigurjón Guðjónsson: *Íslensk sálmabókarsaga 1772–1972*. Lbs 2017/38 Óprentað handrit varðveitt á Landsbókasafni Íslands–Háskólabókasafni, bls. 51.

⁶⁰ *Íslensk bókmenntasaga* II, bls. 462, 464.

⁶¹ Til dæmis sálmalögin *Guði færir fórn og ber, Heyr snarpann sann og Vor fæðing er og sker*.

ekki eiga sálma á prenti og hafa sumir sálmanna aðeins varðveist með nótum í handritum. Minnst er á tónlistarkunnáttu sex þeirra í eftirmælum en það er ekki síður áhugavert hverja vantar í hóp söngfróðra sálmaskálda. Athygli vekur að meðal sálmaskálda sem þekkt voru af tónlistarkunnáttu vantar nafn Ólafs Jónssonar á Söndum. Í eftirmælum hans er þess hvergi getið að hann hafi verið söngfróður eða hann tengdur við tónlist. Það leikur þó enginn vafi á því að hann hafi verið vel að sér í tónlist og sálmunum hans fylgdu falleg lög⁶² sem virðast hafa notið töluverðra vinsælda sé miðað við fjölda handritauppskrifta.

Það virðist því ekki vera neitt beint samband á milli þess að vera sagður söngfróður í eftirmælum og eiga nóteruð sálmalög í handritum.

Hvað sálmana sjálfa varðar virðist fátt sem gefur vísbendingu um við hvaða sálma voru frekar skrifaðar nótur en aðra. Sálmur með eða án nótna í prentuðum sálmabókum og sálmur sem aðeins lifa í handritum fá til jafns nótur í handritum. Sum löggin eru vel þekkt, önnur óþekkt. Hér eru það frekar einstök sálmaskáld og handrit sem skera sig úr.⁶³

Þegar skoðað er við hvaða sálma voru skrifaðar nótur í handritum virðist ekki hafa skipt máli hvort höfundur sálmsins væri nafngreindur eða ekki sem og hvort sálmurinn sjálfur hafði verið prentaður með eða án lags.

Þeir sálmur sem voru nótnasettir í handritum virðast vera jafn mismunandi og þeir eru margir, af ýmsum toga, uppruna og gerðum og ekkert eitt sem einkennir sálma sem lög voru skrifuð við fremur en hina og það sama virðist gilda um skáldin sem þá ortu. Virðist tilviljun helst hafa haft mikið að segja, kannski réð mestu löngun og kunnáttu skrifarans.

Það er þó óumdeilt að þessi handrit, sem geyma nótnasettu sálmana, sem eiga svo fátt sameiginlegt, eru ómetanleg fyrir íslenska menningar- og tónlistarsögu.

⁶² Ekki er vitað um uppruna þessara laga, en þau eru ekki í þeim prentuðu bókum innlendum og erlendum sem hér voru helst brúkaðar og voru ekki fengin að láni frá öðrum sálmum.

⁶³ Þá má helst nefna sr. Odd Oddsson á Reynivöllum og sr. Ólaf Jónsson á Söndum sem og nótnahandritin Lbs 524 4to, *Ein íslensk ný kristileg sálmabók* skr. um 1600, Rask 98 *Melodía* skr. um 1650 og Lbs 1927 4to *Hymnodia Sacra* skr. 1742.

**Nafngreindir höfundar/þýðendur sálma við lög
í handritum rituðum 1600–1800**

Fæddir á 16. öld	Fæddir á 17. öld	Fæddir á 18. öld
<p>Gísli Jónsson biskup f. 1515</p> <p>Marteinn Einarsson biskup d. 1576</p> <p>Magnús Jónsson prúði, lögmaður f. 1525</p> <p>Ólafur Guðmundsson, prestur f. um 1537</p> <p>Einar Sigurðsson prestur f. 1538</p> <p>Björn Sturluson smiður f. 1559</p> <p>Rafn Þorvaldsson prestur d. um 1623</p> <p>Ólafur Jónsson prestur f. 1560</p> <p>Oddur Oddsson prestur f. 1565</p> <p>Arngrímur Jónsson prestur f. 1568</p> <p>Jón Þorsteinsson prestur f. 1570</p> <p>Magnús Ólafsson prestur f. um 1573.</p> <p>Þorsteinn Oddsson prestur d. 1645</p> <p>Ólafur Einarsson prestur f. 1573</p> <p>Bjarni Jónsson skáld, ólærður f. um 1575</p> <p>Magnús Sigfússon prestur f. 1575</p> <p>Hálfðan Rafnsson prestur f. um 1581</p> <p>Sigurður Jónsson prestur f. um 1590</p> <p>Guðmundur Erlendsson prestur f. um 1595</p>	<p>Magnús Jónsson lögmaður f. 1600</p> <p>Jón Magnússon prestur f. 1601</p> <p>Hallgrímur Pétursson prestur f. um 1614</p> <p>Magnús Pétursson prestur d. 1686</p> <p>Stefán Ólafsson prestur f. 1619</p> <p>Þorkell Arngrímsson prestur f. 1629</p> <p>Daði Halldórsson prestur f. um 1638</p> <p>Árni Þorvarðarson prestur f. um 1650</p> <p>Steinn Jónsson biskup f. 1660</p> <p>Páll Vídalín Jónsson lögmaður f. 1667</p> <p>Jón Einarsson prestur f. um 1674</p> <p>Þorsteinn Sigurðsson stúdent f. 1696</p>	<p>Jón Bjarnason prestur f. 1721</p> <p>Eggert Ólafsson lögmaður f. 1726</p> <p>Jón Þorláksson prestur f. 1744</p> <p>Þorvaldur Böðvarsson prestur f. 1758</p> <p>Þorbjörn Salómonsson skáld 18. öld</p>